



## MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson / H. Tomissóns sálmabók 1569*

## BLESSUN

### EFTIRSPIL

Góða ferð

*Jónas Friðrik Guðnason / José Feliciano*

*Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða viðstöddum að þiggja  
veitingar í safnaðarheimili Grensáskirkju að lokinni athöfn.*

*Bálför fer fram síðar.*

Prestur: Sr. Þorvaldur Viðisson  
Organisti: Jónas Þórir  
Kór: Tónbræður  
Umsjón útfarar: Frímánn og Hálf dán - Útfararþjónusta  
Pixel prentþjónusta



## Sigurlaug Guðmundsdóttir

Fædd 5. janúar 1932  
Dáin 14. október 2022

Útför frá Grensáskirkju  
miðvikudaginn 26. október 2022

## FORSPIL

Ave Maria

F. Schubert

## BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Lowell Mason

## RITNINGARLESTUR

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fárað öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og voðasker.  
nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman / Matthías Jochumsson

## GUÐSPJALL

Kallið er komið,  
komin er nú stundin,  
vinaskilnaðar viðkvæm stund.  
Vinirnir kveðja  
vininn sinn látna,  
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,  
margt er hér að þakka.  
Guði sé lof fyrir liðna tíð.  
Margs er að minnast,  
margs er að sakna.  
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,  
friður Guðs þig blessi,  
hafðu þökk fyrir allt og allt.  
Gekkst þú með Guði,  
Guð þér nú fylgi,  
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Valdimar Briem

## MINNINGARORÐ

Ég trúí á ljós sem lýsir mér  
á líf og kærleika.  
Á sigur þess sem sannast er  
og sættir mannanna.

Á afl sem stendur ætíð vörð,  
um allt sem fagurt er.  
Á guð á himni guð á jörð,  
og guð í sjálfri mér.

Ólafur Gaukur / Skoskt þjóðlag

## BÆNIR

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt, er áttu' í vonum,  
og allt, er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið,  
sem fært sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir  
og það í miskunn sér,  
sem hagsæld minni hnekkir,  
og hvað mér gagnlegt er,  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn,  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Björn Halldórsson í Laufási / P. Gerhardt

Mín sál, því örugg sértu,  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, vís þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
Þú mæðist litla hrið.  
Þér innan skamms mun skína  
úr skýjum sólin blíð.

## FAÐIR VOR

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P. C. Krossing